

GREINING SVÆÐA SEM LÖGÐ ERU TIL SEM FRAMTÍÐAR KIRKJUGARÐAR Í ÓLAFSFIRÐI

Íris Stefánsdóttir – skipulagsfulltrúi

Tæknideild Fjallabyggðar, 17.5.2023

SVÓT GREINING

AÐALGATA



Aðalgata 0,6 ha

Styrkleiki	Innan þéttbýlis Aðgengilegt Tenging við eldri kirkjugarð
Veikleiki	Takmarkaðir stækkunarmöguleikar í framtíðinni Flott byggingarlóð undir aðra starfsemi
Ógnir	Mikil umferð allt í kring
Tækifæri	Hægt að nýta sem fallett grænt svæði samhliða kirkjugarði

Samantekt: Svæðið er innan þéttbýlis og steinsnar frá kirkjugarðinum sem þegar er í notkun. Góð aðkoma er að svæðinu en stækkunarmöguleikar takmarkaðir. Svæðið er svipað að stærð og gamli kirkjugarðurinn. Mikill erill er í kringum svæðið og ekki mikið svigrúm til rólegrar stundar og hugleiðingar. Væri hægt að nýta sem grænt svæði samhliða kirkjugarði með göngutengingum við núverandi stíga. Svæðið er kjörin byggingarlóð undir ýmsa aðra starfsemi tengda þeirri þjónustu sem nú þegar er til staðar á svæðinu.

GARÐSVEGUR




Garðsvegur 4 ha

Styrkleiki	Aðgengilegt Friðsælt Stutt frá þéttbýli
Veikleiki	þarf að keyra efni í svæðið til að hækka það
Ógnir	Blautt svæði Hæð yfir sjávarmáli Mögulegt samráð við Framfarafélag Ólafsfjarðar
Tækifæri	Stækkunarmöguleikar fyrir hendi í framtíðinni

Samantekt: Svæðið er rétt utan þéttbýlis með ágætis stækkunarmöguleika í framtíðinni. Svæðið er ekki í mikilli hæð yfir sjávarmáli og því blautt og þyrfti að keyra efni í svæðið til að hækka það. Þarna er góður staður til íveru og hugleiðingar og ágætis aðgengi. Framfarafélag Ólafsfjarðar hefur verið með hugmyndir um uppbyggingu á svæðinu, mögulega þarf að skoða það samhliða gerð kirkjugarðs.

KVÍABEKKUR



Kvíabekkur 5 ha

Styrkleiki	Friðsælt Á kirkjustað
Veikleiki	Kostnaður við snjómokstur á veturna
Ógnir	Vegalengd frá þéttbýli Snjóþungir vetur
Tækifæri	Stækkunarmöguleikar fyrir hendi í framtíðinni

Samantekt: Svæðið er utan þéttbýlis eða um 8km frá miðbæ Ólafsfjarðar. Staðsetningunni myndi fylgja mikill snjómokstur og þyrfti að fara um malarvegi stærstan hluta af leiðinni. Svæðið er friðsælt og á kirkjustað og stækkunarmöguleikar til framtíðar ágætir.



Brimnes 2,5 ha

Styrkleiki	Stutt frá kirkju. Innan þéttbýlis.
Veikleiki	Er leigulóð í dag, þyrfti að innkalla hluta lóðarinnar. Stórum hluta svæðisins hefur þegar verið raskað. Leggja þyrfti vinnu við landmótun og útlit garðsins á stórum hluta svæðisins strax í upphafi til að gera það aðlaðandi, þrátt fyrir að nýtingu svæðisins yrði áfangaskipt.
Ógnir	Ópið svæði gagnvart veðri og vindum. Ónæði frá umferð.
Tækifæri	Stækkunarmöguleikar fyrir hendi í framtíðinni. Fallegt umhverfi við innkomu í bæinn. Hægt að tengja við fjölfarnar gönguleiðir.

Samantekt: Svæðið er innan þéttbýlis og aðeins um 800m frá kirkju. Með uppbyggingu manar eða skjólbeltis meðfram þjóðveginum er hægt að búa til friðsælt svæði og skjól. Tún, skurðir, moldarhaugar og vegir eru innan svæðis. Ráðast þyrfti strax í uppbyggingu á stórum hluta svæðisins til að minnka áhrif landnotkunar fyrri ára á heildarútlit svæðisins. Með uppbyggingu á svæðinu er um

leið verið að fegra innkomuna í bæinn. Svæðið er í leigu skv. lóðarleigusamning frá 2009, ráðast þyrfti í innköllun á hluta lóðarinnar.

EINKUNNAGJÖF

(Einkunn 1-10)

Vægi einkunna:

Aðgengi að svæðinu = 30 %

Friðsæld til íveru og hugleiðinga = 30 %

Stækkunarmöguleikar í framtíðinni = 20 %

Gæði lands = 20 %

	Aðalgata	Garðsvegur	Kvíabekkur	Brimnes
Aðgengi að svæði	(10) 3	(10) 3	(2) 0,6	(10) 3
Friðsæld til íveru og hugleiðinga	(4) 1,2	(8) 2,4	(10) 3	(6) 1,8
Stækkunarmöguleikar í framtíðinni	(2) 0,6	(6) 1,2	(8) 1,6	(5) 1
Gæði lands	(8) 1,6	(4) 0,8	(8) 1,6	(6) 1,2
Samtals	(24) 6,4	(14) 7,4	(14) 6,8	(27) 7,0

ÝMSAR UPPLÝSINGAR ÚR LÖGUM UM KIRKJUGARÐA, GREFTRUN OG LÍKBRENNSLU NR.36/1993

- Eigi má reisa mannvirki, starfrækja stofnanir eða reka fyrirtæki, sem frá stafar hávaði eða ys, í nánd við kirkjugarða. Skal þessa gætt við skipulagningu skipulagsskyldra staða.
- Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og skipulagsnefndar sveitarfélagsins um hvort heilbrigðissjónarmið eða skipulagsástæður standi framkvæmdinni í vegi. Gögn þessi ber síðan að senda ásamt uppdrætti af fyrirhuguðum kirkjugarði eða stækkun hans til [kirkjugarðaráðs] ³⁾ til úrlausnar, en ákvörðun [þess] ³⁾ má skjóta til [ráðuneytisins] ³⁾ er úrskurðar málið til fullnaðar.
- Grafstæði í kirkjugörðum skal vera 2,50 x 1,20 metrar